

Reglur um vernd uppljóstrara

1. Inngangur

Heimar hf., kt. 630109-1080 („Heimar“ eða „félagið“) er í dreifðu eignarhaldi fasteignafélag og er skráð í Kauphöll Íslands.

Reglur þessar eru settar með vísan til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara (hér eftir „lög um vernd uppljóstrara“ eða „lögin“).

2. Skilgreiningar

Í þessum reglum merkir:

Með innri uppljóstrun er átt við að starfsfólk greini frá upplýsingum eða miðli gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda síns til aðila innan fyrirtækisins eða til opinbers eftirlitsaðila.

Með ytri uppljóstrun er átt við að starfsfólk greini frá upplýsingum eða miðli gögnum í góðri trú um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda síns til aðila utan fyrirtækisins, til dæmis fjölmiðla. Ytri uppljóstrun er að jafnaði ekki heimil nema innri uppljóstrun hafi fyrst verið reynd til þrautar, sbr. 4. mgr. 1. gr. laganna og að uppfylltum nánari skilyrðum sem tilgreind eru í 2. mgr. 3. gr. laganna.

Með góðri trú er átt við að starfsfólk hafi góða ástæðu til að telja gögnin eða upplýsingarnar sem miðlað er réttar, það sé í þágu almennings að miðla þeim og að hann eigi ekki annan kost til að koma í veg fyrir þau brot eða þá háttsemi sem um ræðir.

Með ámælisverðri háttsemi er átt við háttsemi sem stefnir almannahagsmunum í hættu, til dæmis háttsemi sem ógnar heilsu eða öryggi fólks eða umhverfi, án þess að um sé að ræða augljóst brot á lögum eða reglum.

Starfsfólk í skilningi reglna þessara er það sem hefur aðgang að upplýsingum eða gögnum um starfsemi vinnuveitanda vegna hlutverks síns, þar með talinn ráðinn, settur, skipaður, sjálfstætt starfandi verktaki, stjórnarmaður, starfsnemi, tímabundið starfsfólk og sjálfbóðaliði, sbr. skilgreining 2. mgr. 1. gr. laganna. Starfsfólk nýtur verndar samkvæmt ákvæðum laga um vernd uppljóstrara, eftir að hlutverki þeirra lýkur.

Uppljóstrari (e. whistleblower) er sá aðili eða starfsfólk samkvæmt framangreindri skilgreiningu, sem í góðri trú greinir frá upplýsingum eða miðlar gögnum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitanda síns.

3. Markmið og gildissvið

Markmið reglnanna er að stuðla að því að upplýst verði og tilkynnt um mögulegt lögbrot og/eða aðra ámælisverða háttsemi hjá Heimum. Með því er dregið úr líkum á slíkri háttsemi sem og vernd tryggð fyrir þann aðila sem upplýsir eða tilkynnir um slíka háttsemi. Þessar reglur gilda um allt

starfsfólk Heima og aðra aðila sem falla undir skilgreiningu á hugtakinu starfsfólk samkvæmt 5. tli. 2. gr. þessara reglna.

4. Málsmeðferð við tilkynningu um hugsanlegt lögbrot eða ámælisverða háttsemi

4.1 Tilkynningar

Starfsfólki Heima er heimilt, í góðri trú, að tilkynna, greina frá upplýsingum eða miðla gögnum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfseminni til aðila innan þess sem tilgreindur er í reglum þessum og stuðlað getur að því að látið verði af eða brugðist við hinni ólögsmætu eða ámælisverðu háttsemi.

Lögð er áhersla á að tilkynningar séu vel rökstuddar og að helstu upplýsingar komi þar fram, s.s. upplýsingar um hver ábendingin er, tímabil atburðar, hvar atburður átti sér stað og nánari lýsing á málavöxtum.

4.2 Boðleið

Miðlun upplýsinga með tilkynningu skal vera til regluvarðar félagsins (móttakanda tilkynningarinnar) á netfangið regluvarsla@heimar.is, sem kemur tilkynningunni áleiðis til næsta yfirmanns viðkomandi ef þess er óskað. Tilkynningu er hægt að skila inn með nafni eða nafnlaust. Móttakanda tilkynningarinnar er skylt að senda staðfestingu á móttöku tilkynningarinnar og bregðast við með það að markmiði að látið verði af hinni ámælisverðu eða ólögsmætu háttsemi eða að brugðist verði við á annan hátt.

Starfsfólki er einnig heimilt að tilkynna háttsemina til lögregluyfirvalda eða annarra opinberra eftirlitsaðila sem eiga við, t.d. umboðsmanns Alþingis, ríkisendurskoðenda og Vinnueftirlitsins.

4.3 Móttaka tilkynninga

Innan mánaðar frá því að tilkynning barst á netfangið regluvarsla@heimar.is skal móttakandi tilkynningar greina viðeigandi starfsfólki frá því hvort upplýsingarnar hafi orðið tilefni til athafna og greina frá því til hvaða athafna hefur verið gripið. Gildir þetta eingöngu ef sá sem uppljóstrar eða tilkynnir gerir það undir nafni.

Móttakandi tilkynningarinnar eða gagna skal gæta trúnaðar um persónuupplýsingar sem honum berast um þann sem miðlar upplýsingunum eða gögnunum nema hinn síðarnefndi veiti afdráttarlaust samþykki sitt fyrir því að trúnaði sé aflétt.

4.4 Ytri uppljóstrun starfsfólks

Starfsfólk sem hefur tilkynnt og miðlað upplýsingum eða gögnum án þess það hafi leitt til fullnægjandi viðbragða innan fyrirtækisins, er í góðri trú heimilt að miðla umræddum upplýsingum eða gögnum til utanaðkomandi aðila, svo fremi sem viðkomandi hefur réttmæta ástæðu til að ætla að um háttsemi sé að ræða sem getur varðað fangelsisrefsingu.

Þegar tilkynning og miðlun samkvæmt framangreindu kemur ekki til greina af gildum ástæðum, er starfsfólki í algerum undantekningartilvikum, heimilt að tilkynna til utanaðkomandi aðila, svo

fremi sem viðkomandi hafi réttmæta ástæðu til að ætla að um háttsemi sé að ræða sem getur varðað fangelsisrefsingu.

Fortakslaust skilyrði fyrir tilkynningu og miðlun upplýsinga eða gagna til utanaðkomandi aðila er að tilkynningin og/eða miðlunin teljist í þágu svo brýnna almannahagsmuna að hagsmunir vinnuveitanda eða annarra víki fyrir hagsmunum af því að upplýsingunum sé miðlað. Svo sem til þess að vernda:

- a) Öryggi ríkisins eða hagsmuni ríkisins á sviði varnarmála
- b) Efnahagslega mikilvæga hagsmuni ríkisins
- c) Heilsu manna
- d) Umhverfið

5. Vernd uppljóstrara

Tilkynning og miðlun upplýsinga eða gagna að fullnægðum skilyrðum ákvæða laga um vernd uppljóstrara, telst ekki brot á þagnar- eða trúnaðarskyldu sem starfsfólk er bundið af samkvæmt lögum eða með öðrum hætti. Slík tilkynning leggur hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð á viðkomandi og getur ekki leitt til stjórnisýsluviðurlaga eða íþyngjandi úrræða að starfsmanna- eða vinnurétti.

Óheimilt er að láta starfsfólk, sem hefur tilkynnt og miðlað upplýsingum eða gögnum, sæta óréttlátri meðferð samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga um vernd uppljóstrara. Til slíkrar meðferðar telst t.d. að rýra réttindi, breyta starfsskyldum á íþyngjandi hátt, segja upp samningi, slíta honum eða láta hvern þann sem miðlað hefur gögnum eða upplýsingum gjalda þess á annan hátt. Brot gegn þessu getur leitt til greiðslu bóta fyrir það tjón sem hefur leitt af hinni óréttlátu meðferð, bæði fjártjón og miska.

Komi til ágreinings fyrir dómi um stöðu starfsfólks með tilliti til þess hvort tilkynning og miðlun hafi verið óheimilt eða hvort starfsfólk hafi verið látið sæta óréttlátri meðferð í kjölfar tilkynningar skal veita viðeigandi starfsfólki gjafsókn í héraðsdómi, fyrir Landsrétti og Hæstarétti. Gjafsókn fellur niður ef sýnt er fram á fyrir dómi að starfsfólk hafi ekki verið í góðri trú þegar upplýsingum var miðlað.

6. Eftirlit

Regluvörður Heima skal hafa eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Yfirlögfræðingur Heima ber ábyrgð á að málsmeðferðarreglum sé fylgt.

Pannig staðfest af framkvæmdastjórn Heima hf. þann 17. september 2024.

Halldór Benjamín Þorbergsson



Baldur Már Helgason



Björn Eyþór Benediktsson



Dagbjört Erla Einarsdóttir



Páll V. Bjarnason

